











## Fundargerð

Fimmtudagurinn 24. nóvember 2022 kl. 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Á. Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargögn

	397 fundargerð 27 10 2022.docx
	398 Dagskrá fundar EFS 24 11 2022.docx
	Frávik frá samþykktum ársreikningum.docx
	Frúmvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára á...
	Greinargerð með fjárhagsáætlun og fimm ára...
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greinargerð 3...
	Samantekt_2022.pdf
	Samkomulag Standabyggð mars 2022.docx
	Yfirlit_Samantekið - A og B hluti.pdf
	Yfirlit_Sveitarsjóður - A hluti.pdf

### 2. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð nr. 397 var samþykkt.

### 3. Frávik frá samþykktum ársreikningum

Umræða um hvort EFS geti óskað eftir að fá frávik frá samþykktum ársreikningum og lagt var fyrir álit frá lögfræðingi innviðaráðuneytisins. Samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu sveitarfélög gera ársreikning fyrir sveitarsjóð og samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald samkvæmt ársreikningalögum. Í reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga kemur hins vegar fram að heimilt sé að beita samanteknum reikningskilum.

Í álitni lögfræðings ráðuneytisins kemur fram að í tilkynningu frá reiknings- og upplýsinganefnd frá 19. mars 2021 fjallar nefndin um að henni sé kunnugt um innbyrðis ósamræmi sé í löggjöf og reglum er lúta að samstæðureikningsskilum eða samanteknum reikningsskilum. Jafnframt kemur fram í tilkynningunni að nefndin hafi komið að endurskoðun fjármálahluta sveitarstjórnarlaga með það að markmiði að samræma ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglugerðar nr. 1212/2015. Sveitarfélög geta beitt sambærilegum reikningsskila- og matsaðferðum og undanfarin ár þar til veittar verða leiðbeiningar um annað.

Að því sögðu hefur EFS víðtækar heimildir til að kalla eftir hverjum þeim gögnum eða skýringum til að uppfylla hlutverk sitt, sbr. 79. gr. sveitarstjórnarlaga og 2. tölul. 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ákveðið var að málið yrði áfram til skoðunar.

#### 4. **Reykjavíkurborg**

Yfirferð yfir fjármál Reykjavíkurborgar með hliðsjón af útkomuspá 2022 og frumvarpi að fjárhagsáætlun 2023-2027, ásamt greinargerð með fjárhagsáætlun. Samkvæmt útkomuspá 2022 er gert ráð fyrir að afkoma A-hlutans verði neikvæð um 15,3 ma.kr sem er um 10% af heildartekjum. Hins vegar er afkoma samstæðunnar jákvæð um 15,4 ma.kr., sem stafar m.a. að því að matsbreyting eigna Félagsbústaða er tekjufærð um rúma 29,5 ma.kr.

Nefndin gerir engar athugasemdir að sinni og ákvörðun frestað.

#### 5. **Strandabyggð**

Lögð var fram greinargerð vegna aðstoðar í fjármálum frá Strandabyggð ásamt útkomuspá 2022. Strandabyggð og innviðaráðherra gerðu samkomulag um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit í mars 2022 sem gildir út árið 2023. Í greinargerðinni er uppfærð samantekt yfir stöðu framkvæmda á árinu 2022 og áherslur núverandi sveitarstjórnar. Útkomuspáin er nokkurn veginn á pari við upphaflega fjárhagsáætlun 2022.

Nefndin gerir engar athugasemdir við greinargerðin frá Strandabyggð.

#### 6. **Verkefnaskjal**

Frestað til næsta fundar.

#### 7. **Önnur mál**

Enginn önnur mál.